

## Upplýsingar til sérnámsgrunnslækna (SGL) um handleiðslu á námsárinu

Allir SGL fá úthlutað handleiðara fyrir sérnámsgrunnssárið og listann er að finna á heimasíðu SGL [www.landspitali.is/sgl](http://www.landspitali.is/sgl) undir flípanum „Sérnámsgrunnslæknir í starfi“. SGL fær annan klínískan handleiðara á heilsugæslunni sem hann starfar með á námssárinu.

SGL og handleiðarar hafa fengið notendanafn og lykilorð fyrir ePortfolio, sjá nánar í gátlista fyrir upphaf sérnámsgrunnss. SGL **eiga að hafa frumkvæði** að fundum með handleiðurum og lagt er til að þið hittist:

1. Á fyrsta mánuði sjúkrahúshluta sérnámsgrunnssársins
  - Þá hafi SGL gert einhver matsblöð s.s. DOPS, MiniCEX og a.m.k. eina íhugun (reflective practice)
  - Skrá á fundinn undir eyðublaðinu: **Combined Induction Meeting with Clinical Supervisor & Initial meeting with Educational Supervisor**
  - Rétt er að þessi fundur fari fram þótt þið séuð á annarri stofnun en ykkar handleiðari.
2. Um miðbik námstímans.
  - Fundinn á að skrá undir **Mid-placement review**
3. Á síðasta mánuði sjúkrahúshluta sérnámsgrunnssársins
  - Þá hefur sérnámsgrunnslæknir lokið öllum matsblöðum, tengt þau við marklýsinguna og staðfest hæfnikröfur
  - Þverfaglegu mati á þá að vera lokið og handleiðari hefur sent samantektina til sérnámsgrunnslæknis í ePortfolio (summary TAB released to trainee)
  - Skrá á fundinn undir eyðublaðinu: **Educational Supervisor's End of Year Report**

Ef þörf er á hittast handleiðari og sérnámsgrunnslæknir oftast og er kjörið að skrá þá fundi undir **Mid-placement review**. Mjög mikilvægt að matsblöð séu gerð jafnt og þétt yfir árið og að allt liggi fyrir tveim vikum fyrir lok sérnámsgrunnssársins svo að bregðast megi við ef þörf er á og ekki komi til lengingar á námsárinu.

Á heilsugæslunni hittast klínískur handleiðari og SGL vikulega á heilsugæslutímabilinu. Gert er ráð fyrir að þeir fundir og matsblöð séu sett í ePortfolio, sjá leið-beiningar í gátlista fyrir lok árs. Lágmark er að skrá:

- Upphafsfund: Induction meeting with Clinical Supervisor
- Lokafund: Clinical supervisor end of placement report

Vil minna á gátlista varðandi skilyrði fyrir lokum sérnámsgrunnss, sem er að finna á síðu fyrir sérnámsgrunnslækna. Það er mjög mikilvægt að fara vel yfir hann og passa upp á að allt skili sér jafnt og þétt yfir árið og öllu verði lokið í góðum tíma fyrir lok ársins.

Gangi ykkur vel.

**Inga Sif Ólafsdóttir, (ingasif@landspitali.is)**

yfirlæknir sérnámsgrunnslækna á LSH og formaður í nefnd um sérnámsgrunn.